

## - UMSÖGN -

<b>Vörulýsing:</b>	Einangrunarplast úr þöndu pólýstýreni (ESP) til varmaeinangrunar bygginga.
<b>Vöruheiti:</b>	Einangrunarplast 16, 25 og 30, þ.e. alls þrjár gerðir.
<b>Umsagnarhafi:</b>	Borgarplast hf., Völuteigi 31-31A, 270 Mosfellsbæ.
<b>Framleiðandi:</b>	Borgarplast hf., Völuteigi 31-31A, 270 Mosfellsbæ.
<b>Staðfestingargögn:</b>	1. Skýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, dags. 21. október 2009, verkefnisnúmer 2HG09620, <i>Upphafsgerðarprófun</i> , sem staðfestir samræmi við staðalinn ÍST EN 13163:2008, sem er samhæfður evrópskur staðall og krefst því CE-merkingar vörunnar, fylgiskjal 1. 2. EC-samræmisýfirlýsing framleiðanda, dags. 26. janúar 2010, fylgiskjal 2.

### Laga- og reglugerðarákvæði

Helstu ákvæði, sem umsögn þessi byggist á, eru: 1. Lög um mannvirki, nr. 160/2010, 39. gr. 2. Byggingarreglugerð, nr. 441/1998, 3. gr. og 120. gr. 3. Reglugerð um viðskipti með byggingarvörur, nr. 431/1994, 3. og 4. gr.

### Forsendur, fyrirvarar og ábendingar

- Varan skal vera merkt heiti sínu, heiti eða auðkenni og aðsetri framleiðandans, númeri ofangreinds staðals, varmaviðnámi og –leiðni, nafnþykkt, -lengd og –breidd, fjölda stykkja eða flatarmáli í pakka, framleiðsludagsetningu eða –númeri og skilgreiningarkóða; þá skal **CE-merkið** vera skýrt ásamt tveimur síðustu tölustöfum árs merkingarinnar.
- Ákvæði ofangreinds vörustaðals krefjast tilnefnds aðila einungis til að annast upphafsgerðarprófun; þessu samkvæmt er ekkert vottorð gefið út.
- Umsögn þessi nær einungis til vöru þeirrar, sem lýst er í ofangreindri EC-samræmisýfirlýsingu.
- Ekki liggja fyrir upplýsingar um tilvist neinna séríslenskra gagna, sem skilgreina kröfur fyrir einangrunarplast til umræddra nota.
- Hönnun og frágangur skal vera í samræmi við lýsingu framleiðanda; eiginleikum vörunnar og skilyrðum við notkun hennar, sem framleiðandinn tilgreinir og sem fram koma í ofangreindum staðli, skal ekki ofgert við álag, þar sem einangrunarplastið er staðsett.

### UMSAGNARORÐ

Á ofangreindum staðfestingargögnum er ekki að sjá að umræddar vörur brjóti í bága við íslenskar reglugerðir eða lög við notkun sem varmaeinangrun. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er tilnefndur aðili sem prófunarstofa fyrir varmaeinangrun. Gengið hefur verið úr skugga um að framleiðandinn hafi uppfyllt skilyrði til CE-merkingar.

Umsögn þessi fellur úr gildi verði breytingar á vörunni, merkingum hennar, ákvæðum laga, reglugerða eða staðla sem eiga við vöruna eða notkun hennar.

Útgáfudagur: 15. mars 2011

  
Rögnvaldur S. Gíslason,  
vottunarstjóri.

  
Jón Sigurjónsson,  
yfirverkfræðingur.

FYLGISKJÖL: 1. Upphafsgerðarprófunarskýrsla Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands (4 bls.).  
2. EC-samræmisýfirlýsing framleiðanda (ein bls.).